

SAMNINGUR MILLI
RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS
OG
MENNINGARMÁLASTOFNUNAR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA (UNESCO),
UM STOFNUN Í REYKJAVÍK (ÍSLANDI) Á
„VIGDÍSARSTOFNUN – ALÞJÓÐAMIÐSTÖÐ Í FJÖLTYNGI OG
ÞVERMENNINGARLEGUM SKILNINGI“ SEM STOFNUNAR Í FLOKKI 2 Á VEGUM
UNESCO

Ríkisstjórn Íslands, annars vegar, og

aðalframkvæmdastjóri Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna hins vegar,

að teknu tilliti til þess að tungumál, sem þegar eru nefnd í fyrstu grein stofnskrár UNESCO, hafa frá upphafi verið miðlæg í markmiðum og verkefnum UNESCO og að UNESCO hefur einstætt hlutverk á þessu sviði innan fjölskyldu Sp, eins og staðfest var með því stjórnunarhlutverki sem allsherjarþing Sp fól stofnuninni vegna Alþjóðárs tungumála (2008),

að teknu tilliti til þess að aðalframkvæmdastjóra hefur verið heimilað af aðalráðstefnunni að ganga frá samningi í samræmi við drögin sem lögð voru fyrir hana,

og með vilja til að skilgreina þá skilmála og þau skilyrði fyrir því framlagi sem skal veitt VIGDÍSARSTOFNUN – Alþjóðamiðstöð í fjöltyngi og þvermenningarlegum skilningi,

hafa samið um eftirfarandi:

1. grein – Skilgreiningar

Í samningnum, nema samhengi kalli á aðra merkingu, vísar

1. „UNESCO“ til Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna;
2. „ríkisstjórnin“ til ríkisstjórnar Íslands;
3. „Vigdísarstofnun“ til VIGDÍSARSTOFNUNAR í fjöltyngi og þvermenningarlegum skilningi;
4. „háskólinn“ til Háskóla Íslands;
5. „menningarmálaráðuneytið“ til mennta- og menningarmálaráðuneytisins á Íslandi;
6. „aðilar“ til UNESCO og ríkisstjórnarinnar.

2. grein – Stofnsetning

Ríkisstjórnin samþykkir að grípa á árinu 2012 til þeirra aðgerða sem þörf krefur til að setja á stofn og tryggja starfsemi Vigdísarstofnunar eins og nánar er kveðið á um í samningi þessum.

3. grein – Aðild

1. Vigdísarstofnun mun þjóna aðildarríkjum og samstarfsaðilum UNESCO sem, vegna sameiginlegra hagsmuna þeirra og Vigdísarstofnunar, óska eftir að starfa með Vigdísarstofnun.
2. Aðildarríki og samstarfsaðilar UNESCO sem óska eftir að taka þátt í verkefnum Vigdísarstofnunar, eins og kveðið er á um í þessum samningi, skulu senda tilkynningu um það til Vigdísarstofnunar. Forstöðumaður skal upplýsa aðila að samningnum um þetta og önnur aðildarríki um móttöku slíkra tilkynninga.

4. grein – Markmið samningsins

Markmið þessa samnings er að skilgreina skilmála og skilyrði fyrir samstarfi milli UNESCO og ríkisstjórnar Íslands og einnig þau réttindi og skyldur aðila sem af honum leiða.

5. grein – Réttarstaða

1. Vigdísarstofnun skal vera óháð UNESCO.
2. Vigdísarstofnun er hluti af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands. Ríkisstjórnin tryggir að Vigdísarstofnun njóti, í samræmi við íslensk lög og reglur og innan yfirráðasvæðis ríkisins, nauðsynlegs sjálfstæðis til að sinna verkefnum sínum og að Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands hafi heimild til að gera samninga, reka mál fyrir dómi og afla sér og ráðstafa lausum eignum og fasteignum fyrir hönd Vigdísarstofnunar.

6. grein – Stofnskrá

Stofnskrá Vigdísarstofnunar verður að innihalda ákvæði sem tilgreina nákvæmlega:

- (a) réttarstöðu Vigdísarstofnunar innan íslensks réttarkerfis og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands sem hefur nauðsynlegar heimildir til að taka við styrkjum, greiðslum fyrir veitta þjónustu og geta aflað allra þeirra hluta sem þörf er á fyrir hönd Vigdísarstofnunar.
- (b) stjórnskipulag sem gefur UNESCO færi á að hafa fulltrúa í stjórn Vigdísarstofnunar.

7. grein – Markmið og hlutverk

- 7.1. **Markmið** Vigdísarstofnunar eru:
 - (a) stuðla að fjöltyngi til að auka skilning, samskipti og virðingu milli menningarheima og þjóða;
 - (b) auka vitund um mikilvægi tungumála sem grunnþátt í menningararfleifð mannkyns;

- (c) leggja sitt af mörkum til varðveislu tungumála;
- (d) sinna hlutverki miðlunarstöðvar á sviði fjöltyngis og fjölbreytni tungumála fyrir ákvarðandi aðila, sérfræðinga og almenning;
- (e) stuðla að þýðingum og þýðingafræðum með það fyrir augum að auka ánægju af menningarlegri fjölbreytni og þvermenningarlegum skilningi;
- (f) leggja sitt af mörkum til vöktunar á framkvæmd málstefnu og málstýringar á sviði móðurmála með fjöltyngi að leiðarljósi;
- (g) stuðla að rannsóknum og menntun á erlendum tungumálum og menningu;
- (h) styðja og stuðla að rannsóknum á móðurmálum sem hluta af almennum mannréttindum;
- (i) stuðla að athugunum, greiningum og tölfraeðisamantektum á þýðingafleði;

7.2. **Hlutverk** Vigdísarstofnunar eru:

- (a) vinna að og hvetja til varðveislu tungumála með því að viðhalda og styðja stafræn gagnasöfn fyrir tungumál heims;
- (b) styðja lífgun tungumála og skapa „tungumálasafn“ – sambland af raunverulegu safni og sýndarveruleikasafni með sýningum sem hægt er að njóta á staðnum og á Netinu;
- (c) stuðla að og miðla rannsóknum um tungumál og menningu sem þætti í menningararfleifð mannkyns með því að styðja rannsóknarstöður fyrir framúrskarandi fræðimenn, einnig frá þróunarlöndum;
- (d) bjóða upp á vettvang og aðstöðu fyrir doktorsnema og fræðimenn erlendis frá, einkum frá þróunarlöndum;
- (e) hugsa upp og miðla um allan heim áætlunum og aðferðum til að styðja tungumál í útrýmingarhættu og þjóðtungur með rannsóknaverkefnum, ráðstefnum og útgáfu;
- (f) styðja framúrskarandi rannsóknir á sviði málstefnu og málpólitíkur;
- (g) útvega aðstöðu og sérfræðiþekkingu fyrir rannsóknaverkefni og miðla niðurstöðum með sérstöku tilliti til markmiða Vigdísarstofnunar;
- (h) sýna hvernig viðhorf til móðurmálsins og skýr málstefna geti aukið læsi og menntun fyrir tilstilli rannsóknaverkefna og miðlunar þekkingar;
- (i) þróa alþjóðlegan umræðuvettvang;
- (j) vinna með öllum viðeigandi UNESCO verkefnum, einkum á sviði vöktunar á þýðingafleði, eins og *Index Translationum* (Alþjóðlega þýðingaskráin).

8. grein – Stjórn

1. Vigdísarstofnun er leidd af stjórn sem er endurnýjuð á þriggja ára fresti og skipuð:

- (a) fulltrúa ríkisstjórnar (menningarmálaráðuneyti) eða tilnefndum fulltrúa hennar;
- (b) fulltrúa aðalframkvæmdastjóra UNESCO;
- (c) fulltrúa íslensku UNESCO-nefndarinnar;
- (d) fulltrúum allt að þriggja annarra aðildarríkja UNESCO sem sent hafa Vigdísarstofnun tilkynningu um aðild í samræmi við ákvæði 3. greinar;
- (e) þremur fulltrúum Háskóla Íslands

Forstöðumaður Vigdísarstofnunar tekur þátt í störfum stjórnar án atkvæðisréttar.

2. Stjórn á að:

- (a) samþykkja verkefni Vigdísarstofnunar til langs og meðallangs tíma;
- (b) samþykkja árlega verk- og fjárhagsáætlun Vigdísarstofnunar að starfsmannalista meðtöldum;
- (c) yfirfara ársskýrslur sem forstöðumaður Vigdísarstofnunar leggur fram, að meðtöldu sjálfsmati hennar, sem unnið er annað hvert ár, um framlag hennar til markmiða UNESCO;
- (d) gefa út reglur og reglugerðir og ákvarða hvernig meðferð fjármála, stjórnsýslu og mannauðs er háttað í samræmi við lög landsins;
- (e) ákveða hvernig samstarfi við svæðisbundnar milliríkjastofnanir og alþjóðlegar stofnanir er háttað.

3. Stjórnin skal funda reglulega, að minnsta kosti einu sinni á hverju almanaksári. Hún fundar sérstaklega ef formaður boðar hana, annaðhvort af eigin hvötum eða að beiðni aðalframkvæmdastjóra UNESCO eða ef tveir þriðju stjórnarmanna óska þess.

4. Stjórnin setur sér eigin starfsreglur. Fyrir fyrsta fundinn gilda reglur frá ríkisstjórn og UNESCO.

9. grein – Framkvæmdastjórn

Til að tryggja skilvirkan rekstur Vigdísarstofnunar á milli funda stjórnar getur stjórnin skipað fasta framkvæmdastjórn og veitt henni það umboð sem stjórnin telur nauðsynlegt.

10. grein – Starfsfólk

1. Starfsfólk samanstendur af forstöðumanni og öðru starfslíði sem nauðsynlegt er til að Vigdísarstofnun geti sinnt hlutverki sínu.

2. Rekstur Vigdísarstofnunar skal vera í umsjá forstöðumanns sem er tilnefndur af formanni stjórnar. Til að fylgja eftir tilnefningunni skal ganga frá samningi við forstöðumann sem undirritaður er af forseta Hugvísindasviðs Háskóla Íslands. Forstöðumaður skal hafa þá fræðilegu hæfni sem nauðsynleg telst og faglega reynslu á sviði tungumála og menningar.

3. Annað starfsfólk getur verið:

- (a) hver sá aðili sem forstöðumaður ræður í samræmi við verklagsreglur sem stjórnin setur;
- (b) starfsmenn UNESCO sem fengið geta tímabundið leyfi til að starfa hjá Vigdísarstofnun eins og gert er ráð fyrir í reglum UNESCO og ákvörðunum stjórnunaraðila hennar;

- (c) starfsfólk háskólans sem hann útnefnir til starfa fyrir Vigdísarstofnun um lengri eða skemmri tíma.

11. grein – Skyldur forstöðumanns

Forstöðumaðurinn hefur eftirfarandi skyldur:

- (a) að stýra starfi Vigdísarstofnunar í samræmi við verkefni hennar og fyrirmæli stjórnarinnar;
- (b) að leggja fram drög að verk- og fjárhagsáætlunum til samþykktar hjá stjórn;
- (c) að undirbúa dagskrárdrög fyrir fundi stjórnar og leggja fram allar þær tillögur sem hann/hún telur gagnlegar við rekstur Vigdísarstofnunar;
- (d) undirbúa skýrslur um starf Vigdísarstofnunar sem lagðar eru fyrir stjórnina;
- (e) vera fulltrúi Vigdísarstofnunar í lagalegu tilliti fyrir hönd háskólans.

12. grein – Framlag UNESCO

1. UNESCO veitir aðstoð á formi tæknilegrar og vísindalegrar ráðgjafar í verkefnum Vigdísarstofnunar í samræmi við stefnu og markmið UNESCO.
2. UNESCO samþykkir að:
 - (a) veita vísindalega og tæknilega ráðgjöf á sérfræðisviðum Vigdísarstofnunar;
 - (b) senda starfsmenn sína til tímabundinna starfa. Aðalframkvæmdastjóri getur ákveðið að senda starfsmenn tímabundið á undanþágu ef um er að ræða sameiginlegt verk/verkefni á forgangssviði UNESCO samþykktu af stjórn hennar;
 - (c) hafa Vigdísarstofnun með í hinum ýmsu verkefnum sem UNESCO stendur að og kalla á þátttöku Vigdísarstofnunar ef nauðsyn krefur.
3. Í öllum tilfellum hér fyrir ofan er þetta framlag hluti af verkefnum og fjárhagsáætlun UNESCO og verður öllum aðildarríkjum gerð grein fyrir notkun starfsliðs og tengdum kostnaði í skýrslum.

13. grein – Framlag ríkisstjórnar

1. Ríkisstjórnin leggur, í gegnum háskólann, fram það sem til þarf, annaðhvort í formi fjár eða í fríðu, til að tryggja stjórnun og rekstur Vigdísarstofnunar.
2. Vigdísarstofnun skal rekin fyrir þá fjármuni sem fjárhagsáætlun háskólans gerir ráð fyrir og samþykkt er af Alþingi. Háskólinn útvegar viðeigandi aðstöðu fyrir Vigdísarstofnun, útvegar nauðsynlegt starfsfólk í stjórnsýslu svo að stofnunin geti sinnt hlutverki sínu og greiðir árlegt fjárframlag sem árið 2011 nemur 150.000 bandaríkjadöllum.

14. grein – Ábyrgð

Þar sem Vigdísarstofnun er lagalega aðskilin frá UNESCO, er sú síðarnefnda ekki á neinn hátt skuldbundin, fjárhagslega eða á annan hátt, nema með þeim hætti sem kveðið er á um í þessum samningi.

15. grein – Mat

1. UNESCO er heimilt, hvenær sem er, að meta starfsemi Vigdísarstofnunar til að kanna:
 - (a) hvort Vigdísarstofnun komi með mikilvægt framlag til stefnumiða UNESCO;
 - (b) hvort að virk starfsemi Vigdísarstofnunar er í samræmi við það sem kveðið er á um í þessum samningi.
2. UNESCO samþykkir að afhenda ríkisstjórninni allar matsskýrslur við fyrsta tækifæri.
3. UNESCO áskilur sér rétt til að segja upp þessum samningi eða breyta innihaldi hans eftir niðurstöður mats.

16. grein – Notkun á nafni og merki UNESCO

1. Vigdísarstofnun má nefna tengsl sín við UNESCO. Hún má því nefna í framhaldi af eigin titli „á vegum UNESCO“.
2. Vigdísarstofnun hefur heimild til að nota merki UNESCO eða einhverja útgáfu þess í bréfhaus sínum og skjölum, þar með töldum rafrænum skjölum og vefsíðum í samræmi við skilyrði sem sett eru af UNESCO

17. grein – Samningstími

Þessi samningur er bundinn til fimm ára frá gildistöku hans og má framlengja honum með þegjandi samkomulagi nema honum sé sérstaklega sagt upp af öðrum hvorum aðila eins og gert er ráð fyrir í 19. grein.

18. grein – Gildistaka

Samningurinn tekur gildi í framhaldi af undirritun aðila þegar þeir hafa upplýst hvor annan skriflega um að öllum formsatriðum sem snerta lög Íslands og innri reglur UNESCO hefur verið fullnægt. Dagsetning móttöku síðustu tilkynningar skal vera dagsetning gildistöku samningsins.

19. grein – Uppsögn

1. Hvorum aðila um sig er heimilt að segja samningi þessum upp einhliða.
2. Uppsögn tekur gildi innan 30 daga eftir móttöku tilkynningar um það frá öðrum aðila til hins.

20. grein – Endurskoðun

Samning þennan má endurskoða með samkomulagi aðila.

21. grein – Úrskurður ágreiningsmála

1. Öllum ágreiningi milli UNESCO og ríkisstjórnarinnar varðandi túlkun á framkvæmd þessa samnings, sé hann ekki leystur með samkomulagi eða öðrum viðeigandi aðferðum, skal vísað til gerðardóms með þremur fulltrúum; einum útnefndum af ríkisstjórninni, öðrum af UNESCO og þann þriðja, sem er formaður, skulu tveir hinir fyrstu kjósa. Ef gerðardómsfulltrúarnir fyrstu komast ekki að samkomulagi um val þess þriðja skal hann útnefndur af forseta Alþjóðadómstólsins í Haag.
2. Ákvörðun gerðardómsins er endanleg.

ÞESSU TIL STAÐFESTINGAR, rita undirritaðir undir þennan samning.

GERT Í eintökum á ensku, á íslensku í eintökum, þann xx/xx/xxxx

.....
Fyrir hönd Menningarmála-
stofnunar Sameinuðu þjóðanna

.....
Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands

[Þýðing á íslensku / Translation into Icelandic:
Gauti Kristmannsson, dr. phil,
Löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi /
Certified interpreter and translator]